

## Forgangsmál (verkefni) 2018-2019:

- 1) Ljúka við endurskoðun stefnumótandi tækja vegna laga um opinber fjármál (LOF):
  - Stefnuráð mun ljúka yfirferð stefnumótandi afurða LOF á fyrsta ársfjórðungi 2019 með það að markmiði að bæta gæði, gagnsæi, ferla og samstarf.
- 2) Þróa skipulag fyrir mótun fagstefna sem ná yfir málefnasvið.
  - Aðferðafræði og samráð við mótun stefnu, skapalón, sniðmát o.s.frv. verði aðgengileg á vefsíðu Stefnuráðs á fyrsta ársfjórðungi 2019.
  - Önnur vinnugögn vegna stefnumörkunar verði aðgengileg á innri vef Stefnuráðs sem fulltrúar ráðuneyta geta sótt í.
  - Standa fyrir kynningum og fræðslu um aðferðafræði og notkun stefnumótunartækja.
- 3) Vefur Stefnuráðs:
  - Stefnuráð mun koma upp síðu á vef Stjórnarráðsins á fyrsta ársfjórðungi 2019.
  - Vefsíðan mun innhalda upplýsingar um hlutverk ráðsins, afurðir, fræðsluefni, skapalón, sniðmát, tilmæli o.fl.
- 4) Efla almenna þekkingu og hæfni við stefnumótun.
  - Skilgreind verður hæfni/þörf starfsmanna STJR eftir fræðslu um stefnumótun,
  - Stefnuráð mun á fyrsta ársfjórðungi 2019 kynna yfirlit yfir þau námskeið sem fyrirhugað er að halda á árinu 2019 í samstarfi við Stjórnarráðsskóla Stjórnarráðsins.
  - Stefnuráð mun halda kynningar um ólíka þætti stefnumótunar með ráðuneytum og stofnana eins og kostur er.
  - Endurtaka undir árslok 2019 skoðanakönnun um getu og þekkingu starfsfólks Stjórnarráðsins í stefnumótun og áætlanagerð til samanburðar við fyrri ár.
- 5) Handbók um stefnumótun.
  - Stefnuráð mun ljúka við endurskoðun á handbók um stefnumótun þar sem tekið verður tillit ólíkra stefna ríkisins og þróunar frá fyrri útgáfu.